

Þjónusta

Þjónusta við eldri borgara í Mosfellsbæ miðar að því að þeir geti búið við eðlilegt heimilislíf eins lengi og unnt er.

Eldri borgarar eiga rétt á almennri þjónustu sem veitt er á fjölskyldusviði, í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lög um málefni aldraða nr. 125/1999.

Fjölskyldunefnd fer með málefni félagsþjónustu í umboði bæjarstjórnar.

Önnur þjónusta í Mosfellsbæ

Lágafellskirkja býður upp á heimsóknarþjónustu, sálgæslu og ýmsa aðra þjónustu. Þjónustan er fyrst og fremst boð um mannleg samskipti en ekki sérfræðileg meðferð. Hún er unnin í sjálfboðnu starfi og kallast sjálfboðaliðar hennar heimsóknarvinir.

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu kirkjunnar www.lagafellskirkja.is og í síma 566 7113.

Rauði krossinn býður upp á ýmsa þjónustu, svo sem heimsóknarvini, þróðnasamveru og heilsuverkefni.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Mosfellsbæjar-deildarinnar www.raudikrossinn.is/deildir og í síma 564 6035 eða 898 6065.



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Mosfellsbær

vellíðan fyrir alla

Tryggingastofnun ríkisins

Stofnunin annast framkvæmd lífeyrstrygginga, almanna-trygginga og tengdra málefna. Má þar nefna ellilífeyri og styrki honum tengdum, svo sem heimilisuppbót og uppbót á lífeyri vegna umtalsverðs útlagðs kostnaðar.

Frekari upplýsingar má nálgast á vef Tryggingastofnunar, www.tr.is, og einnig með því að senda fyrirspurn á [www.kyningarmal@tr.is](mailto:kyningarmal@tr.is) eða hringja í síma 560 4400.

Sjúkratryggingar Íslands

Stofnunin annast framkvæmd sjúkratrygginga, þar með talið þátttöku í lyfjakostnaði og afgreiðslu hjálpartækja.

Stofnunin veitir m.a. styrk til kaupa á þjónustu frá fyrirtækjum sem bjóða upp á öryggishnapp, enda sé þörf fyrir hann staðfest af lækni.

Nánari upplýsingar um þjónustuna má nálgast á vefnum www.sjukra.is og í síma 510 0700.

Ýmis einkafyrirtæki veita einstaklingum velferðarþjónustu gegn gjaldi. Upplýsingar um þá þjónustu má nálgast hjá þeim fyrirtækjunum og hjá fjölskyldusviði Mosfellsbæjar.

Ábyrgðarmaður: Unnur V. Ingólfssdóttir



Gildi Mosfellsbæjar



MOSFELLSBÆR

UPPLÝSINGAR UM ÞJÓNUSTU VIÐ ELDRI MOSFELLINGA

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar



Félagsleg ráðgjöf

Starfsmenn fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar veita upplýsingar og leiðbeiningar um ýmis konar réttindamál og félagslegan stuðning.

Félagsleg heimaþjónusta

Þeir sem ekki geta séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu geta sótt um félagslega heimaþjónustu. Þjónustan miðast við einstaklingsbundið mat á þjónustubörf. Leitast er við að veita þá þjónustu, sem viðkomandi eða aðrir heimilismenn eru ófærir um að annast. Þjónustan getur verið fólgin í aðstoð við heimilishald, persónulegan og félagslegan stuðning. Þá er í boði heimsending á mat fyrir þá sem eiga óhægt um að annast matargerð sjálfir.

Sótt er um þjónustuna á íbúagátt www.mos.is eða í þjónustuveri Mosfellsbæjar. Greitt er fyrir þjónustuna samkvæmt gjaldskrá.

Matarþjónusta

Eldri borgurum stendur til boða að kaupa máltíðir í þjónustumiðstöðinni Eirhömrum í hádeginu alla virka daga. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 566-8060.

Félagsstarf

Markmið starfsins er að draga úr félagslegri einangrun og finna þekkingu, reynslu og hæfileikum þátttakenda farveg. Félagsstarfið er samvinnuverkefni Mosfellsbæjar og Félagsaldradra í Mosfellsbæ og nágrenni (FaMos).

Dagskrá félagsstarfsins, sem fram fer í þjónustumiðstöðinni í Eirhömrum, má nálgast á heimasíðu Mosfellsbæjar og í Mosfellingi. Auk þess er dagskráin send félagsmönnum FaMos í tölvupósti.

Listsköpun, handmennt, spilamennska, kórstarf, leikfimi, sund og ferðalög eru dæmi um starfseminna.

Í samstarfi við heilsueflandi samfélag í Mosfellsbæ er í boði gjaldfrjáls leikfimi 1x í viku og gönguferðir 3x í viku.

Handverksstofan Eirhömrum er opin alla virka daga kl. 13.00-16.00. Upplýsingar um félagsstarf og skráningar á námskeið og í ferðir veitir forstöðumaður félagsstarfs í síma 586 8014.

Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara er Elva Björg Páldóttir gsm 698-0090. Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til 16:00 í síma 586 8014. Netfang: elvab@mos.is

Afsláttur af fasteignagjöldum til handa elli- og örorkulífeyrisþegum

Mosfellsbær veitir tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum afslátt af fasteignagjöldum og fráveitugjaldi. Lækkunin er reiknuð sjálfkrafa í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og Ríkisskattstjóra og stuðst við síðasta skattframtal. Sjá nánar í reglum á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is.

Akstursþjónusta eldri borgara

Akstursþjónustan er ætluð íbúum sem eru 67 ára og eldri, búa í heimahúsi, hafa ekki aðgang að eigin farartæki og eru ófærir um að nota almenningsamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar. Sótt er um þjónustuna á íbúagátt eða í þjónustuveri Mosfellsbæjar. Greitt er fyrir þjónustuna samkvæmt gjaldskrá.

Dagdvöl eldri borgara á Eirhömrum

Hlutverk dagdvalar er að bjóða dvalargestum félagslegan stuðning, tómsundadöju, eftirlit með heilsufari, þjálfun, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Fylgst er með andlegri og líkamlegri líðan dvalargesta, næringu og félagslegri þátttöku, m.a. komum í dagdvölinna. Í boði er akstursþjónusta milli dagdvalar og heimilis. Sótt er um dagdvöl á íbúagátt eða í þjónustuveri Mosfellsbæjar. Greitt er fyrir þjónustuna samkvæmt ákvæðum reglugerðar.

Félag aldradra í Mosfellsbæ og nágrenni (FaMos)

Þeir sem eru 60 ára og eldri geta sótt um aðild að félaginu. Tilgangur þess er að gæta hagsmuna félaga sinna, sinna tómsunda-, fræðslu-, menningarmálum og vinna að því að tryggja félagslegt og efnahagslegt öryggi eldra fólks. Ennfremur að efla þátttöku eldra fólks í starfi og tómsundum. Heimasíðu með nánari upplýsingum er að finna á www.famos.is.

Öldungaráð

Hlutverk Öldungaráðs Mosfellsbæjar er að vera formlægur og milliliðalaus vettvangur samráðs og samstarfs við bæjaryfirvöld um hagsmuni eldri borgara í sveitarfélaginu. Ráðið stuðlar þannig að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli eldri borgara og stjórnvalda bæjarins um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða eldri borgara og er fastanefndum til ráðgjafar í þeim efnum.

Heimahjúkrun

Starfsfólk heilsugæslu veitir heimahjúkrun. Hlutverk hennar er að styrkja og viðhalda andlegu og líkamlegu heilbrigði fólks og draga úr einangrun, einkennum og afleiðingum sjúkdóma eins og kostur er.

Umsókn þarf að berast skriflega frá lækni. Frekari upplýsingar eru veittar í síma 513-6050 og á vef heilsugæslunnar www.heilsugaeslan.is.

Lyfjaskömmun

Hægt er að óska eftir lyfjaskömmun þar sem lyfjum er skammtað í lyfjapoka. Pokarnir eru merktir með dagsetningu og tíma. Lyfjaverslanir bjóða þessa þjónustu gegn gjaldi. Sótt er um til lyfjaverslunar og læknir sendir lyfseðla þangað. Einnig er hægt að óska eftir að fá lyfin send heim.

Hvíldar- og endurhæfingarinnlög

Víða á hjúkrunarheimilum og heilbrigðisstofnunum eru í boði hvíldar- eða endurhæfingarinnlagnir fyrir eldra fólk. Eyðublað má nálgast á www.landlaeknir.is.

Hjúkrunarheimili

Þegar þjónusta frá sveitarfélaginu og heilsugæslunni er fullnýtt og dugar ekki til, er hægt að sækja um færni- og heilsumat sem er forsenda fyrir því að komast inn á hjúkrunarheimili. Umsóknareyðublað má nálgast á vef Landlæknisembættisins www.landlaeknir.is

